



# SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Ísländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 20. nóvember 1997

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 122/165  
komudagur 21.11.197

Efni: Umsögn um frv. um rafræna eignarskráningu verðbréfa (149. mál).

Samband íslenskra viðskiptabanka (SÍV) lýsir eindregnum stuðningi sínum við frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa sem er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Með samþykkt frumvarpsins yrði stigið mikilvægt framfaraspor á innlendum verðbréfamarkaði og viðskiptahættir færðir nær því sem tíðkast í helstu nágrannaríkjunum. Rafræn eignarskráning verðbréfa mun auka öryggi, hraða og hagkvæmni í verðbréfavíðskiptum.

SÍV hefur tekið þátt í undirbúningi málsins frá upphafi í byrjun þessa áratugar eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið og stutt þann undirbúning alla tíð eftir mætti. Þá er rétt að geta þess að aðildarbankar SÍV hafa ásamt ríkissjóði, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum, skráðum hlutafélögum og lífeyrissjóðum stofnað hlutafélag til að undirbúa stofnun verðbréfamiðstöðvar, Verðbréfaskráningar Íslands hf., sem myndi starfa á grundvelli væntanlegra laga.

Sem fyrr segir taka aðildarbankar SÍV þátt í undirbúningsfélagi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Að ósk viðskiptaráðuneytisins fór stjórn þess ítarlega yfir frumvarpið milli þinga og kom ýmsum ábendingum til ráðuneytisins. Jafnframt er ljóst að stjórnin mun koma ýmsum athugasemdum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd. Engu að síður telur SÍV rétt að benda á eftirfarandi atriði í frumvarpinu:

*2. mgr. 7. gr. (tilkynning til bankaeftirlits Seðlabankans um breytingu á stjórn).*  
Hliðstætt ákvæði um tilkynningu til bankaeftirlits Seðlabankans um breytingu á stjórn er ekki að finna í öðrum lögum um fyrirtæki á fjármagnsmarkaði. Í athugasemdum við greinina eru ekki færð rök fyrir þessu ákvæði og ekki verður séð hvaða tilgangi það þjónar. Því er lagt til að það falli brott.

*1. tölul. 10. gr. (aðild Seðlabanka Ísl.) og 32. gr. (eftirlit með reikningsstofnunum).*  
Gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands geti átt aðild að verðbréfamiðstöð og orðið reikningsstofnun. Af hálfu SÍV er ekki gerð athugasemd við þetta, enda treysir SÍV því að bankinn muni ekki fara inn á verkvið annarra reikningsstofnana og eiga viðskipti við almenning, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1986 um bankann. Hins vegar er annkanalegt og ótrúverðugt að bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er ætlað skv. 32. gr. frv. að hafa eftirlit með reikningsstofnunum, þ. á m. Seðlabankanum sjálfum.

*1. mgr. 11. gr. (aðildarsamningur).*  
Til að fjármálafyrirtæki fái heimild til að hafa milligöngu um eignarskráningu þarf það að gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð, þ.e. það fær ekki sjálfkrafa slíka heim-



ild á grundvelli 10. gr. frv. Það er ljóst að það getur skipt sköpum fyrir afkomumögu-  
leika fjármálafyrirtækis að það fái að taka að sér milligöngu um eignarskráningu verð-  
bréfa. Því er mikilvægt að unnt sé að kæra til annars aðila synjun á aðildarsamningi  
eða ef gerð aðildarsamnings er dregin óeðlilega lengi af hálfu verðbréfamiðstöðvar.  
Þótt dómstólaleiðin sé að sjálfsögðu fær tekur hún of langan tíma í tilvikum sem þess-  
um. Að mati SÍV kemur helst til greina að úrskurðarnefnd verðbréfamiðstöðva, sbr.  
25. gr. frv., verði falið þetta hlutverk.

*3. mgr. 11. gr. (aðgangur verðbréfasjóða).*

Sem kunnugt er gefa verðbréfasjóðir út hlutdeildarskírteini en ekki hlutabréf, sbr. 2.  
tölul. 1. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði. Því kynni að vera skýrara að orða-  
lokamásl. 3. mgr. 11. gr. frv. þannig: Hið sama gildir um aðgang verðbréfasjóða að  
upplýsingum um eigendur hlutdeildarskírteina í viðkomandi verðbréfasjóði.

*3. tölul. 1. mgr. 12. gr. (gjaldskrá).*

Í athugasemdum við þessa grein kemur fram að nauðsynlegt sé að ráðherra geti sett  
nánari reglur um ýmis framkvæmdaatriði og tæknimál. Engin rök eru hins vegar færð  
fyrir því að nauðsynlegt sé að færa ráðherra það vald að geta gripið inn í meginregluna  
um frjálsa verðlagningu með setningu reglugerðar um gjaldtöku. Því mælir SÍV með  
að 3. tölul. 1. mgr. falli brott, enda á hann sér ekki hliðstæðu í öðrum lögum um fyrir-  
tæki á fjármagnsmarkaði, lögum um Verðbréfaþing Íslands eða dönskum lögum um  
verðbréfamiðstöð.

*2. mgr. 14. gr. (upplýsingamiðlun að fenginni heimild tölvunefndar).*

Eftir því sem næst verður komist á niðurlag 2. mgr. 14. gr. sér enga fyrirmynd í inn-  
lendri löggjöf, þ.e. að heimild tölvunefndar þurfi fyrir því að veita upplýsingar í hag-  
töluskyni. Að mati SÍV er þetta skilyrði óþarft, enda verður stjórn verðbréfamiðstöðv-  
ar, rétt eins og aðrir aðilar hér á landi, að gæta þess að ávallt sé farið eftir ákvæðum  
laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

*1. mgr. 15. gr. (efndalok viðskipta).*

Í ákvæðinu er tilgreind ein ákveðin aðferð við efndalok viðskipta, þ.e. nettun. Nú kann  
svo að fara að önnur lausn verði talin heppilegri (brúttun). Því er lagt til að orðið nett-  
un verði felld brott úr ákvæðinu.

*2. mgr. 15. gr. (samráðsnefnd).*

SÍV leggst ekki gegn hugmyndum um samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva og Seðla-  
banka Íslands. Hins vegar skal bent á að það kynni að fara betur á því að kveða á um  
tilvist og verkefni slíkrar nefndar í reglugerð fremur en lögum. Aðstæður á fjármagns-  
markaði breytast sífellt og svo kann að fara að talið væri nauðsynlegt að fleiri aðilar  
tækju þátt í þessu samráði, annað fyrirkomulag á þessu verkefni yrði talið betra þegar  
fram liðu stundir eða jafnvel talið óþarft að sinna því með þeim formlega hætti sem  
gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Því er óheppilegt að mati SÍV að stofnanabinda þetta  
samráð í lögum.



*3. mgr. 18. gr. (samningur um að verðbréfamiðstöð sendi tilkynningar).*

Gert er ráð fyrir að reikningsstofnun og verðbréfamiðstöð geti samið um það að verðbréfamiðstöðin sendi tilkynningar til hlutaðeigandi um skráningu réttinda í stað þess að reikningsstofnunin geri það. Þetta er sjálfsagt ákvæði. Hins vegar er vandséð að bankaeftirlit Seðlabankans þurfi að staðfesta slíkan samning eins og kveðið er á um í lokamálsl. málsgreinarinnar. Engin rök eru færð fyrir þessari tillögu í athugasemdum við greinina og því leggur SÍV til að þessi másl. verði felldur brott.

*1. mgr. 25. gr. (úrskurðarnefnd verðbréfamiðstöðva).*

Af texta 25. gr. frv. og athugasemdum við greinina má ýmist ráða að gert sé ráð fyrir einni úrskurðarnefnd fyrir allar verðbréfamiðstöðvar eða einni nefnd fyrir sérhverja þeirra. Ekki verður annað séð en ein úrskurðarnefnd fyrir allar verðbréfamiðstöðvar sé nægjanlegt. Því er lagt til að lokaorð 1. másl. 1. mgr. 25. gr. frv. breytist úr ef. et. í ef. ft., þ.e. í stað „verðbréfamiðstöðvar“ komi „verðbréfamiðstöðva“.

*4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. (frestir).*

Í 4. mgr. 25. gr. frv. þar sem kveðið er á um úrskurð úrskurðarnefndar og tilkynningu til aðila málsins eru engin mörk á því hversu fljótt úrskurðurinn skuli tilkynntur eftir að hann er kveðinn upp. Þetta er óheppilegt fyrst fresturinn í 1. mgr. 27. gr. telst vera frá þeim tíma þegar úrskurðurinn er kveðinn upp en ekki frá því að hann er tilkynntur. Því er lagt til að í 4. mgr. 25. gr. frv. verði úrskurðarnefndinni gefinn einnar viku frestur í hæsta lagi til að tilkynna aðilum máls um úrskurðinn.

Til upplýsingar má nefna að í dönsku lögnum um verðbréfamiðstöð er farin önnur leið en í frumvarpinu. Þar er fresturinn tvær vikur frá því að úrskurðurinn er tilkynntur aðilum málsins.

*3. mgr. 28. gr., 2. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 29. gr. (hlutlæg bótaábyrgð).*

Í frv. er gert ráð fyrir hlutlægrri bótaábyrgð verðbréfamiðstöðvar, þ.e. hún getur orðið skaðabótaskyld þótt saknæmri háttsemi sé ekki til að dreifa. Hið sama gildir um reikningsstofnun skv. 1. mgr. 29. gr. frv. Í tillögum þessum felst að vikið er frá þeirri meginreglu skaðabótaréttarins að bótaskylda sé eingöngu til staðar hafi aðili sýnt af sér saknæma háttsemi. Fyrir þessu fráviki frá meginreglu innlends réttar eru færð tvenn rök: Annars vegar að þetta sé gert að danskri fyrirmynd og hins vegar að þetta sé nauðsynlegt til að skapa traust á þessari starfsemi. Að mati SÍV standast þessi rök ekki þegar betur er að gáð. Í fyrsta lagi skal nefnt að danska ákvæðið var lögfest fyrir hartnær tveimur áratugum en síðan hafa orðið gífurlegar framfarir í tölvutækni og rafrænum viðskiptum hvers konar. Í öðru lagi má benda á að almenningur hér á landi hefur langa og góða reynslu af rafrænni skráningu peningarlegra eigna. Þannig eru flestir bankareikningar bókarlausir og innstæður eru eingöngu skráðar sem rafrænar færslur í Reiknistofu bankanna. Sama gildir um hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau eru sjaldnast gefin út núorðið og eign almennings í verðbréfasjóðum því eingöngu skráð sem rafrænar færslur. Að því er best verður séð ber almenningur traust til þessa fyrirkomulags og engin ástæða er til að ætla að annað verði upp á teningnum þegar rafræn eignarskráning verðbréfa verður almennt tekin upp. Loks skal bent á að mjög traustir aðilar standa að félaginu sem stofnað hefur verið til að undirbúa stofnun verðbréfamiðstöðvarinnar Verðbréfaskráningar Íslands hf. þannig að almenningur á að



geta borið fyllsta trausts til þessarar starfsemi án þess að vikið sé frá meginreglu skaðabótaréttarins. Því leggur SÍV eindregið til að fallið verði frá tillögum frv. um hlutlæga ábyrgð verðbréfamíðstöðva og reikningsstofnana.

*32. gr. (ákvarðanir bankaeftirlits Seðlabankans).*

Ákvæði 32. gr. frv. um að bankaeftirlit Seðlabankans geti svipt reikningsstofnun rétti til eignarskráningar í verðbréfamíðstöð gerist hún brotleg við ákvæði laganna eða annarra tilgreindra laga eða ef háttsemi hennar sé ekki að öðru leyti eðlileg á sér hliðstæðu í öðrum lögum um fyrirtæki á fjármagnsmarkaði. Vandamálið er hins vegar að þessar ákvarðanir verða, að því er næst verður komist, ekki kærðar annað en til bankaráðs Seðlabanka Íslands! Slíkt er einfaldlega ekki trúverðugt. Hér er um að ræða vandamál sem ekki tengist þessu frumvarpi eingöngu heldur öllum öðrum lögum um fyrirtæki á fjármagnsmarkaði og Verðbréfaþing Íslands (þar er almennt ekki unnt að kæra ákvarðanir stjórnar þingsins til annars aðila) og er orðið brýnt að fundin verði ásættanleg lausn á því.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,  
framkvæmdastjóri